

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um umferðarslys.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hver hefur verið slysatíðni í umferðaróhöppum á eftirtöldum vegum ár hvert á tímabilinu 1988–2004:
 - a. á Reykjanesbraut frá Hafnarfirði til Njarðvíkur,
 - b. á Suðurlandsvegi frá Rauðavatni um Hellisheiði að Selfossi,
 - c. á veginum frá Litlu kaffistofunni um Þrengsli til Þorlákshafnar,
 - d. á Vesturlandsvegi,
 - e. á Hvalfjarðarvegi,
 - f. í Hvalfjarðargöngum?
2. Hver hefur verið tíðni dauðaslysa á hverjum þessara vega ár hvert á tímabilinu og hversu margir einstaklingar hafa hlotið varanleg örkuml og örorku eftir umferðarslys þar?
3. Hve oft hefur orðið árekstur fleiri en tveggja bifreiða á hverjum þessara vega ár hvert á tímabilinu og hve oft hefur orðið árekstur fleiri en fimm bifreiða?
4. Hver hefur verið árleg umferð ökutækja um hvern þessara vega á fyrrgreindu tímabili?

Skriflegt svar óskast.